

nr. 20/1954 gert að greiða vexti af hinni dæmdu fjárhæð þannig: 7½% ársvexti frá 25. júlí 1964 til 1. janúar 1965, 7% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7½% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags. Þá verður stefnda og gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 100.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum dr. med. Eggert Jóhannssyni og Einari Helgassyni lækni.

#### Dómsorð:

Stefndi, Trygging h/f, greiði stefnanda, Síldarútvegsnefnd f. h. Guðrúnar Gunnars, kr. 1.000.000.00 með 7½% ársvöxtum frá 25. júlí 1964 til 1. janúar 1965, með 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7½% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 100.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 24. febrúar 1969.

Nr. 180/1968. **Sparisjóður Hafnarfjarðar**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

**Birni Pálssyni**

**Birni Pálssyni f. h. Húna h/f og**

**Hákoni Magnússyni**

(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Víxilmál. Afsögn. Ómerking. Frávisun.

#### Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. október 1968 og krafizt þess, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 120.000.00 ásamt „1% vaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð“ frá 30. apríl 1968 til

greiðsludags, kr. 170.00 í afsagnarkostnað og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Björn Pálsson f. h. sjálfs sín og Húna h/f krefst frávísunar málsins, en til vara sýknu.

Stefndi Hákon Magnússon krefst sýknu.

Stefndu krefjast allir málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómsstefna í máli þessu á hendur Birni Pálssyni vegna sjálfs sín og Húna h/f var birt hinn 7. júní 1968 í húsinu nr. 39 við Njarðargötu, Reykjavík, fyrir dóttur Bjarnar, Áslaugu. Þar sem Björn Pálsson átti samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands heima á Ytri-Löngumýri, Svinavatnshreppi, Austur-Húnavatnssýslu, og heimili Húna h/f er talið á sama stað, var nefnd stefnubirting eigi fullnægjandi að lögum, sbr. 95. og 96. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og frávísa málinu frá héraðsdómi, að því er varðar kröfur á hendur stefnda Birni Pálssyni f. h. sjálfs sín og Húna h/f.

Lagt hefur verið fram í Hæstarétti bréf, dags. 23. september 1968, frá bæjarfógetafulltrúa þeim, sem framkvæmdi afsagnargerð víxils þess, sem í máli þessu greinir. Kveðst hann hafa afsagt víxilinn hinn 3. maí 1968, en misritazt hafi í afsagnargerðinni, að hún hafi farið fram „Ár 1968 þann 3/4“. Var misritun þessi svo stórvægileg mistök, að nefnd réttarhöfn fulltrúans verður eigi talin hafa réttarverkanir lög-mætrar afsagnargerðar. Leiðir af þessu, að víxilhafi hefur glatað víxilrétti sínum á hendur úgefanda og ábekingum nefnds víxils, sbr. 53. gr. víxillaga nr. 93/1933. Ber af þessum sökum að sýkna stefnda Hákon Magnússon af kröfum áfrýjanda í málinu.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í máli áfrýjanda, Sparisjóðs Hafnarfjarðar, á hendur stefnda Birni Pálssyni f. h. sjálfs sín og Húna h/f eiga að vera ómerk, og er máli þessara aðilja frávísað frá héraðsdómi.

Stefndi Hákon Magnússon á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

### Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 15. júlí 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 25. júní s.l., hefur Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður, Hafnarfirði, f. h. Sparisjóðs Hafnarfjarðar höfðað fyrir dóminum með stefnu gegn Kristjáni Gíslasyni, birtri 10. júní s.l., Húna h/f og Birni Pálssyni, Löngu-Mýri, persónulega, birtri 7. júní s.l., og Hákonni Magnússyni, Hofteigi 19, Reykjavík, birtri sama dag, til greiðslu víxils að fjárhæð kr. 120.000.00, sem er útgefinn 20. febrúar 1968 af Húna h/f og samþykktur til greiðslu af Kristjáni Gíslasyni hinn 30. apríl 1968 í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Auk útgefanda hafa Björn Pálsson, Hákon Magnússon og Lýsi & Mjöl h/f ábekt víxilinn.

Víxillinn er afsagður sökum greiðslufalls 3. apríl s.l.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 120.000.00, með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá 30. apríl 1968 til greiðsludags, að þeim verði gert að greiða kr. 170.00 í afsagnarkostnað, að þeim verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu og að þeim verði gert að greiða allar fjárhæðir in solidum.

Stefndu hafa hvorki sótt þing né sækja látið, og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins með eyðuframsali til sín svo og afsagnargerð, er framkvæmd var hinn 3. apríl s.l.

Gjalddagi víxilsins var hins vegar, eins og áður segir, eigi fyrir en hinn 30. apríl 1968.

3. mgr. 44. gr. laga nr. 93 frá 1933 hljóðar svo:

„Afsögn vegna greiðslufalls á víxli, er greiðast á á tilteknum degi, eða tilteknum tíma eftir útgáfudag eða sýningu, skal gerð á öðrum þeirra tveggja virku daga, sem næstir koma á eftir gjalddaga“.

Þar sem afsögn víxilsins fór eigi fram innan þeirra tímamarka, er lögin setja, hafði hún eigi réttar verkanir afsagnar. Ber því að sýkna útgefanda og ábekinga af kröfum stefnanda.

Málskostnaður ákveðst kr. 15.000.00.

Jón Ingvarsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

## Dómsorð:

Stefndi Kristján Gíslason, Svalbarða, Vestmannaeyjum, greiði stefnanda, Sparisjóði Hafnarfjarðar, kr. 120.000.00 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá 30. apríl 1968, kr. 170.00 í afsagnarkostnað og kr. 15.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndu Húni h/f, Björn Pálsson og Hákon Magnússon skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Sparisjóðs Hafnarfjarðar, í máli þessu.

---

Mánudaginn 24. febrúar 1969.

Nr. 228/1968. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Sveini Jónassyni**

(Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

**Dómur Hæstaréttar.**

Freyr Ófeigsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa vitni staðfest vætti sín fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun verjanda hans fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 8.000.00.

## Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sveinn Jónasson, greiði allan áfrýjunarkostn-